



SAMANTEKT

Þarfagreining meðal hagaðila í skapandi greinum vegna stofnunar Rannsóknaseturs skapandi greina vorið 2022.

1. Inngangur

Eitt af verkefnum undirbúningsnefndar var að vinna þarfagreiningu meðal hagaðila í skapandi greinum á Íslandi. Hagaðilir eru þeir sem starfa innan þeirra 12 atvinnugreina sem eru skilgreindar sem skapandi greinar sbr. Menningarvíska Hagstofu Íslands.¹ Markmið þarfagreininga var að kynnast betur hegðun og þörfum markhópa og væntinum þeirra um stofnun sérstaks rannsóknaseturs. Áætlaður ávinningur þarfagreiningar var aukinn skilningur á þörfum markhópa og upplýst ákvarðanatataka varðandi áherslur og uppbyggingu rannsóknaseturs. Í þessari stuttu samantekt er einungis gerð grein fyrir niðurstöðum þarfagreiningar m.t.t. þarfa hagaðila í tengslum við stofnun rannsóknaseturs, öflun gagna og mótun rannsókna, sem og hæfniuppbyggingu.

Áður en þarfagreining hófst þurfti að afmarka mengið skapandi greinar og leita leiða til að tryggja þátttöku fulltrúa ólíkra markhópa í þarfagreiningunni í því skyni að kynnast hegðun einstaka hóps og væntingum varðandi rannsóknasetrið. Eftirfarandi markhópar voru skilgreindir:

- ✓ Rannsakendur á fjölmörgum fræðasviðum í íslenskum/erlendum háskólum
- ✓ Stjórnvöld sem fara með stefnumótandi ákvörðunarvald/fjárúthlutanir til skapandi greina
- ✓ Önnur stjórnvöld, s.s. Samband íslenskra sveitarfélaga
- ✓ Opinberar stofnanir, s.s. Hagstofa Íslands, Byggðastofnun, Rannís, Landsbókasafn, héraðsbókasöfn
- ✓ Landshlutfélög/sveitarfélög sem úthluta fjármagni til skapandi greina og menningarstarfs
- ✓ Starfandi einstaklingar í einstaka greinum skapandi greina (aðilar að fagfélögum)
- ✓ Sjálfstæðar menningarstofnanir, s.s. leikhús, menningarhús, menningarfyrtæki, félagasamtök
- ✓ Starfsfólk opinberra lista- og kynningarmiðstöðva, fagfélaga og stéttarfélaga
- ✓ Önnur hagsmunasamtök, e.g. STEF og Hagþenkir
- ✓ Fulltrúar atvinnulífs, s.s. Samtök iðnaðar og Samtök atvinnulífs

Áhersla var lögð á að tryggja þátttöku fulltrúa ólíkra markhópa í könnunum og viðtölum í samræmi við markmið þarfagreiningar og þeirra aðferða sem var beitt við hana en þær voru eftirfarandi:

- **Umræðuborð:** Eigindleg aðferðafræði. Lokað spjallsvæði á netinu sem fyrirframvöldum aðilum er boðið að taka þátt í umræðu. Umræðu er stýrt af umræðustjóra og varir í 3-5 daga. Umræðuefni getur tekið breytingum eftir því sem líður á umræðunar og nýja upplýsingar koma fram.
- **Spurningakönnun.** Megindleg aðferðafræði. Spurningakannanir ganga út á að tölusetja hluti og draga ályktanir um stærri heildir. Byggja oftast á tiltölulega stórum úrtökum sem valin eru með tilviljunaræferð úr fyrirfram skilgreindu þýði. Gagnaöflun fer fram með spurningalista með afmörkuðum svarmöguleikum. Hægt að nota til að taka lokaákvörðun í málum frekar en að undirbyggja skilning eins og í eigindlegum aðferðum.
- **Rýnihópar** eru megindleg aðferðafræði, góð leið til þess að komast inn í hugarheim notandans og sjá heiminn með þeirra augum. Þó ekki náist sama dýpt með rýnihópum og í beinum viðtölum, er engu að síður hægt með þeim að ná fram djúpu inntaki og endurgjöf um ákveðið efni frá markhópi, greina og

¹ Bókmenntir, fjölmiðlar, hönnun og arkitektúr, kvikmyndir og sjónvarp, listnám, menningararfur, myndlist, sviðslistir, tónlist, tölvuleikir, starfsemi listmunahúsa og listverkasala og hugbúnaðargerð (rekstraraðilar sem falla í hliðarflokk fyrir tölvuleikjagerð).



skýra þá merkingu sem neytendur leggja í umhverfi sitt og nálgast svör við aðkallandi spurningum – breytingar sem eru að eiga sér stað og nýjar þarfir sem eru að verða til.

Spurningalistar voru ekki samhljóða fyrir umræðuborð, spurningakönnun og rýnihópa en í öllum tilvikum var þeim skipt upp í eftirfarandi flokka með mismiklum áherslum. a: (1) umræða/þekking á stefnumótun; (2) þörf fyrir rannsóknasetur, efnistöð rannsókna og aðgengi að tölfræðilegum gögnum; (3) aðgengi að símenntun og hæfni til framtíðar; (4) stefnumótun stjórnvalda og innviðauppbygging; (5) eigin þátttaka í skapandi starfi og alþjóðlegt samstarf. Þannig eru til niðurstöður varðandi ólíka þætti skapandi greina. Hér á eftir eru einungis helstu niðurstöður sem tengjast beint eða óbeint stofnun rannsóknaseturs.

2. Helstu niðurstöður þarfagreiningar varðandi stofnun rannsóknaseturs, aðgengi að gögnum og rannsóknum, símenntun og færniþörf

2.1 Umræðuborð

Markmið umræðuborðsins var að kanna viðhorf, væntingar og þarfir hagaðila innan skapandi greina til óstofnaðs rannsóknaseturs, stöðu skapandi greina, hugtaka, menntakerfis og stjórnvalda. Umræða fór fram á lokuðu spjallsvæði á neti í 3 daga, 8-10 febrúar 2022. Umræðuborðinu var ritstýrt af Maskínu ehf og spurningalisti unninn saman af þeim og undirbúningsnefnd. 58 manns var boðin þátttaka en 23 svöruðu einni spurningu eða fleiri.

Almennt eru þátttakendur mjög jákvæðir gagnvart stofnun rannsóknaseturs. Þannig kom fram að rannsóknasetur myndi efla atvinnugreinina, s.s. með meiri öflun og rýningu (tölfræðilegra) gagna, stofnun þess myndi á sjálfbæran hátt ýta undir fleiri rannsóknir, efla umræði og gagnast við stefnumótun og ákvarðanatöku. Ekki er allir á sama máli um hvers konar rannsóknum setrið ætti að sinna, sumir telja að hagnýtar rannsóknir eigi að vera hornsteinninn á meðan aðrir telja að akademískar rannsóknir muni undirbyggja trúverðugleika setursins. Flestir eru þó sammála um að eitt mætti ekki útiloka annað.

Setrið þarf að geta skoðað efnahagslegt, sálfræðilegt og fagurfræðilegt gildi listar og sköpunar á víðu sviði.“

„Það væri mjög gagnlegt ef rannsóknarsetrið næði þeim stað að vera eins konar mælaborð á efnahagslegum áhrifum menningar sem myndi nema hver hagræn áhrif á skapandi greinum væru og hvort þörf væri á að gefa í af hálfu hins opinbera í menningu.“

„Það þarf að geta þróað módel um það hvernig hægt væri að nýta listir og sköpun til að bæta samfélag framtíðar...“

Þátttakendur telja framboð á menntun í listum og skapandi greinum almennt vera gott en bæta má framboð á grunn- og framhaldsskólastigi og tryggja betur aðgengi óháð efnahag á efri menntastigum. Sömuleiðis telja þeir að skoða þurfi fjölbreytni framboðs, auka þverfaglegt nám og jafna framboð á landsbyggð. Skoða þarf sérstaklega framboð á námi tengst sviðslistum.

Þátttakendur eru sammála um að auka þurfi aðgengi að upplýsingum og gögnum um efnisleg, samfélagsleg og umhverfisleg verðmæti skapandi greina. Það er ekki nóg að safna gögnum heldur þarf að vinna markviss úr þeim. Í þessu samhengi vantar mælikvarða sem sýna hvað er gert og áhrif aðgerða eða stöðunings. Sömuleiðis þarf að rannsaka eðli starfa innan skapandi greina og stöðugar breytingar. Betri (tölfræðileg) gögn og fleiri rannsóknir nýtast í samtali við stjórnvöld, sýna mikilvægi ólíkra atvinnugreina innan skapandi greina, gera okkur kleift að meta árangur, bera saman áhrif aðgerða og sjá betur hvar stuðning skortir.

„finna jafnvægi milli ólíkra hliða skapandi greinar. Sumar hliðar geta á vissum stigum lotið lögmálum hefðbundinna atvinnugreina og aflað þeim sem vinna við þær fastra, stundum jafnvel góðra teknaen allar skapandi greinar þurfa á því að halda að öflug framúrstefna sé í gangi hverju sinni og það er sjaldnast sem framúrstefnan skapar miklar tekjur þegar hún kemur fyrst fram“



2.2 Spurningakönnun

Markmið (rafrænnar) spurningakönnunar var að fá fram viðhorf hagaðila innan skapandi greina til greinarinnar og mikilvægi rannsókna að aðgengi ganga fyrir þær. Spurningakönnunin var send út til 1080 manns. Um var að ræða valið þýði einstaklinga sem tengjast einni eða fleirum af 12 greinum skapandi greina sbr. Menningarvísa Hagstofu. Ekki var hægt að velja þýði handahófskennt. Til viðbótar var spurningakönnunin send á þýði úr skoðanakannavagni Maskínu (skilgreint þýði valið handahófskennt) sem var notað til viðmiðunar þar sem fyrra þýði var ekki valið handahófskennt. Spurningalistinn (20 spurningar, 6 opnar og 7 bakgrunnsbreytur) var unninn af Maskínu og undirbúningsnefnd. Könnunin var opin dagana 4-28. apríl 2022. Svarendur voru 423.

68% svarenda þykir umræða um skapandi greinar vera mjög eða fremur jákvæð. Myndin breytist hins vegar töluvert þegar spur er að hversu miklu leyti þessi umræða er byggð á gögnum. Þannig telja einungis 8.8% svarenda umræðan vera byggða að mjög miklu eða fremur miklu leyti á gögnum, 42.2% í meðallagi á meðan 49% sögðu hana vera byggja á fremur eða mjög litlu, eða engu leyti á gögnum. Nefnt var að umræða væri frekar byggð á tilfinningum og persónulegum skoðunum en gögnum.; alþjóðleg afrek, bæði listræn og fjárhagsleg, fengju mikið rými; mikið væri um umtal og skilningsleysi, ályktanir og fullyrðingar (sjálfskipaðir álitsgjafar), jafnvel fordómum og ranghugmyndum. Þannig töldu nokkrir umræðuna vera „reaktíva“ (það sem hefur gerst) fremur en „próaktíva“ (stefnumótun og fyrirbyggjandi gögn).

75.5% svarenda finnst vera mjög eða fremur mikil þörf fyrir sérstakt rannsóknasetur skapandi greina, 18.4% segja í þörf í meðallagi en einungis 6.1% telja litla eða enga þörf á rannsóknasetri.

Svarendur voru beðnir um að svara því hvers konar hlutverki nýtt rannsóknasetur ætti að sinna í opinni spurningu. Samantekið segja svarendur að setrið eigi að:


- Stuðla að vandaðri og heildstæðri gagnasöfnun, reglulegum stöðuúttekum;
- Skilgra hugtök í orðræðu
- Kortleggja skapandi greinar og efla þekkingu og skilning á mikilvægi þeirra frá margvíslegu sjónarhorni – þverfaglegar rannsóknir.
- Byggja brúa milli rannsakenda og erlendra rannsóknastofnana
- Búa til tengingar við atvinnulífi – rannsakendur, atvinnulíf og nemendur
- Rannsaka áhrif og virði á almenna lýðheilsu, efnahagslegt umhverfi, samfélagið, listmenntun, hagi, starfsumhverfi o.s.frv.
- Undirbyggja stefnumótun og umræðu með staðreyndum
- Vinna byggðapróunarlegar rannsóknir – skapandi greinar sem nýstköpun.

80.4% finnst líka skipta mjög eða fremur miklu máli að rannsóknasetur leggi áherslu á þverfaglegar rannsóknir.

Svarendur voru í framhaldi beðnir um að setja í mikilvægisröð hvaða upplýsingar og tölfræðileg gögn um skapandi greinar þeir vilja helst hafa aðgengileg. Velja mátti nokkra valkosti. Hér að neðan sést að 94.3% hafa áhuga á að vita meira um samfélagsleg verðmæti, 90.7% um fjölda starfa innan skapandi greina, 87% um útflutningstekjur lista og skapandi greina. 75.7% finnst hins vegar mikilvægt að hafa meiri upplýsingar og gögn um efnisleg verðmæti.




Hversu mikilvæg eða lítilvæg finnst þér að eftirfarandi upplýsingar og tölfræðileg gögn séu aðgengileg?
Hlutfall þeirra sem merja við „Mikilvægt“.



Mynd 1. Svör við spurningu um mikilvægi aðgengis að tilteknum spurningum og tölfræðilegum gögnum.

Til viðbótar gafst svarendum tækifæri á að svara því hvernig þeir vilja sjá gögnin nýtt? Meðal svara eru: sjá meiri upplýsingar og gögn um, s.s. til, að auka virðingu þeirra sem starfa í listum og skapandi greinum; öðlast yfirsýn yfir umhverfi lista og skapandi greina; ákveða fjárveitingar til lista og skapandi greina út frá haldbærum gögnum – auka gagnsæi fjárveitinga; fyrir atvinnugreiningu, atvinnusköpun og auka skilning á umfangi; stefnumótunar, ákvarðanatöku og rannsókna; kennslu og í ritgerðir nemenda; í rekstur fyrirtækja; að auka virðismat okkar sjálfra og almennings gagnvart skapandi greinum, framlagi til samfélagsins og byggðaþróun.; að efla og dýpka umfjöllun og faglegt samstarf; að fræða ólíka markhópa í samfélaginu; að færa haldbær rök fyrir þörf á menningu og listum; að vinna samanburð við önnur lönd; þróa áfram mentakerfið og framboð náms.

Hér að neðan er samantekt nokkurra spurninga sem snúa að áhuga/þörfum svarenda á að nýta rannsóknir í starfi og hvernig rannsóknasetur myndi svara þeirri þörf, aðgengi að símenntun og getu til að takast á við breytingar sem fylgja fjórðu iðnbyltingunni.



Mynd 2. Samantekin svör við fjórum spurningum varðandi notkun rannsókna í starfi, rannsóknasetur, breytingar samfara 4ðu iðnbyltingu og aðgengi að símenntun innan starfsgreinar

64.8% svarenda vilja nýta rannsóknir í meira mæli. Þeir segjast ekki nýta þær í meira mæli m.a. vegna annars aðalstarfs, þá vanti aðgengi og það sé aðstöðuleysi, þess að landtímahugsun vanti í stjórnkerfi, álags í starfi, atvinnuöryggis, áhuggna af fjárhagsstöðu og skorts á langtímuáætlun.

62.4% telja mjög mikla þörf fyrir rannsóknasetur og telja að það muni nýtast í starfi.




60.2% svarenda segjast tilbúnir til að takast á við breytingar sem fylgja fjórðu iðnbyltingunni. Hér er mælanlegur munur á milli starfsgreina.

30.6% svarenda telja gott aðgengi að símenntun. Hér er mikill munur á milli starfsgreina. Þannig telja þeir sem starfa við hönnun og arlitektúr, myndlist og sviðslistir aðgengi að símenntun ekki nægilega gott. Besta aðgengið er hjá þeim sem starfa í tónlist. Meiri skortur á aðgengi er hjá svarendum sem segjast starfa sjálfstætt, óháð starfsgrein.

Þegar spurt er um færni sem skorti helst meðal þeirra sem starfa innan skapandi greina til að tryggja samkeppnishæfni til framtíðar segja 64.7% svarenda færni í rekstri, 42.9% færni í stjórnun og tæplega 40% færni í upplýsingatækni og verkefnastjórnun.

13. Hvaða færni skortir helst meðal þeirra sem starfa innan lista og skapandi greina almennt til að tryggja samkeppnishæfni til framtíðar?



Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika, því eru fleiri svör en svarendur.

Mynd 3. Svör við spurningu um færni sem skortir helst innan skapandi greina til að tryggja samkeppnishæfni til framtíðar

2.3. Rýnihópar

Markmið með eigindlegum rýnihópaviðtölum var að fá endurgjöf og kortleggja skoðanir skilgreindra markhópa varðandi tilgang og markmið rannsóknaseturs, rannsóknáherslur og hæfniuppbyggingu í skapandi greinum. Markhópar rýnihópaviðtala voru hagaðilar (atvinnulífs og stéttarféлага) og rannsakendur. Spurningalisti fyrir viðtöl var unnin af undirbúningsnefnd. Haldnir voru tveir rýnihópar, annars vegar með fulltrúum stéttarféлага innan skapandi greina (5 þátttakendur), og hins vegar með rannsakendum (6 þátttakendur). Viðtölin voru framkvæmd þann 12. maí 2022.

Þegar þátttakendur voru spurðir um sérkenni skapandi greina kom fyrst fram hjá báðum hópum, „mikill fjölbreytileiki“ sem er styrkur en ekki veikleiki, **greinarnar eru ekki eitthvað eitt heldur spanna víðfemt svið**. Í því samhengi eru skil oft óljós milli vísinda og lista. Sömuleiðis leggja þátttakendur áherslu á að **hugtakið „skapandi greinar“ (culture and creative industries, CCI) sé vítt og mengið líka** (hverjir og hvað er hluti af skapandi greinum getur breyst á skömmum tíma) og hægt er að vinna með mörg hugtök á sama tíma. Þá var skapandi greinum lýst sem „hreyfiafli“ sem einkennist af miklum ófyrirsjáanleika og hreyfist með breytingum í samfélagi. Margir þátttakenda leggja áherslu á að **virði skapandi greina sé meira en bara peningalegt**, að veikleiki skapandi greina sé á sama tíma styrkleiki þeirra og mörg störf innan þeirra passa illa við veruleika annarra sem vinna við allt aðrar forsendur. Verðmætin sem eru búin til koma innan frá og þar af leiðandi lúta skapandi greinar kannski öðrum lögmálum en hefðbundnar starfsgreinar. Auka þarf skiling á þessu. Í skapandi greinum er “hard core” business eins og annars staðar en svo skalast það niður í listamenn sem eru ekki í sambandi við hugmyndir um viðskipti en búa oft til grunninn fyrir arðbær viðskipti.



Varðandi umræðu um skapandi greinar eru þátttakendur sammála um að lítið sé til **af rannsóknum á skapandi greinum sem atvinnuvegi**. Þannig hafa áhrif af úttektum og umræðum sl. áratug um skapandi greinar ekki skilað sér í fjölgun rannsókna. **Menningarvísar Hagstofu eru jákvæð þróun** í átt að bættu aðgengi að gögnum en tölfraði skiptir rannsakendur ekki alltaf lykilmáli. **Umræða um þörf fyrir tölfraði er hávær og nánast allar úttektir skoða hagræn áhrif einvörðungu**, samt eru hagræn áhrif bara ein breyta. **Horfa þarf til margra þátta í rannsóknum**, s.s. samfélagslegra þátta og áhrif skapandi vinnu og lista á velferð, farsæld og umhverfi samfélags. **Skapandi greinar tengjast einnig byggðamálum** og framtíð byggða mjög sterkt og geta stutt við nýja framtíð samfélaga í gegnum nýsköpun.

Aðspurð um hvaða leiðir séu fýsilegar varðandi uppbyggingu skapandi greina sem atvinnuvegar og hvernig rannsóknasetur muni styðja þá þróun taka þátttakendur fram að **skoða þurfi hlutverk Hagstofu annars vegar, og setursins hins vegar**, varðandi öflun upplýsinga og tölfraðilegra grundvallargagna. **Rannsóknasetur mun auðvelda stjórnvöldum að móta stefnu út frá greiningum hrágagna** en á þeim gögnum er síðan hægt að byggja félagsfræðilegar, menningarfræðilegar og menntunarfræðilegar rannsóknir á því. **Tækifæri felast í tengingu við aðrar atvinnugreinar og samanburði, samspili við einkageira, tækifæri til skattvildunar**. Sömuleiðis þarf að horfa til skapandi greina sem tækifæri til nýsköpunar, ekki atvinnuþróunar, s.s. á landsbyggð. Horfa þarf líka til þróunar á stafrænni tækni en **stafrænn markaður mun breyta leikreglum, allt orðið alþjóðlegt, engin landamæri lengur**. Einstaka greinar munu vaxa hraðar en aðrar, bæði í tengslum við stafrænan heim en einnig í tengslum við áherslur og þörf fyrir þverfaglega nálgun við lausn samfélagslegra áskorana

Spurð að því hvert hlutverk rannsóknaseturs eigi að vera segja þátttakendur að **fyrsta skrefið sé að skilgreina skapandi greinar, sennilega með nokkrum skilgreiningum**. Nauðsynlegt að geta horft á skapandi greinar út frá ólíkum skilgreiningum. Setur þarf að stuðla að því að **búa til samfélag rannsakenda í ólíkum fræðigreinum og stuðla að þverfaglegum rannsóknum**. Mikilvægt að **hugsa áherslur í rannsóknum á menningarlegan-, velferðar- og manneskjuuppbyggilegan hátt ekki einungis hagrænum**. Setur á að vera „**opinn vettvangur**“ fyrir rannsakendur að koma saman, standa fyrir ráðstefnum og málstofum og **styðja við uppbyggingu tengslanets rannsakenda** (innanlands og erlendis), en líka nemenda, fagfélaga og atvinnulífs, s.s. í tengslum við starfsnám og rannsóknatengd verkefni. Setur á líka að **veita stjórnvöldum og hagaðilum ráðgjöf varðandi stefnumótun og áætlanagerð**.

Þátttakendur eru sammála því að starfsemi setursins og aukið aðgengi að grunngögnum og talnaefni muni styrkja eigin starfsemi og áætlanagerð sem og rannsóknastarf. **Án grunngagna er ekki hægt að komast langt í að rannsaka aðra þætti**, s.s. félagslega-, efnahagslega- og lýðheilsulega þætti. Setrið getur líka skapað ný tækifæri til alþjóðlegs samanburðar á ólíkum sviðum skapandi greina.

Varðandi hæfniuppbyggingu innan skapandi greina er mikilvægt að **hugsa hæfni út frá framtíðinni - í hverju verðmæti koma til með að felast?** Hugsa þarf ferla við hæfniuppbyggingu án þess endilega að hugsa um innihaldið, nota hæfniramma um menntun til þess þannig að fólk viti hvar það stendur á hverjum tíma. **Rannsóknasetur þarf að vinna vinnumarkaðsrannsóknir** – teikna upp landakort sem segir til um hvernig atvinnugreinin skapandi greinar lítur út. Mikilvægt er að **kortleggja núíð en áttaviti til framtíðar og skilningur á því hvað sé grunngeta/hæfni hvers tíma og hvernig er hægt að þróa hana áfram** skiptir lykilmáli.